Philippe Cazal:

Mér finnast orða-leikir skemmtilegir

Hann á verk á sýningunni *Alþjóðleg nútímalist* sem nú stendur yfir á Kjarvalsstöðum, er franskur og heitir Philippe Cazal. Íslensk stjórnvöld buðu honum hingað til lands í tilefni þessarar sýningar. „Mér hefði aldrei dottið í hug að koma hingað að eigin frumkvæði," segir hann. „Belgía er nyrsta landið sem ég hef komið til í Evrópu fram að þessu." Honum segist ekkert hafa litist á sig fyrst og það var ekki bara vegna veðursins. „Húsin hérna í Reykjavík eru hræðileg. En náttúran er stórkostleg og ég gæti vel hugsað mér að ferðast meira um landið."


Philippe Cazal lauk námi frá *Art Décoratif* í París árið 1973. Tveimur árum seinna gekk hann til samstarfs við hóp listamanna sem kallaði sig „Un tel". „Nafnið er mjög táknrænt, en „un tel" getur þýtt staða eða stelling. Hópurinn stóð fyrir allskyns uppákomum og gjörningum, en einstaklingarnir innan hans unnu líka sjálfstætt. Uppákomur hópsins vöktu talsverða athygli, sem sést kannski best á því að nú geta nemendur í frönskum listaskólum valið að starfa í hópum sem kallaðir eru „un tel". Mér finnst það skondið því það eru níu ár síðan hópurinn okkar hætti.

Ein minnisstæðasta uppákoma hópsins í mínum huga, var í Louvre-safninu 1978. Þar er alltaf mikið af ferðamönnum og við vorum með sýningu á ferðamannatískunni. Við vorum öll eins klædd, í hvítum fötum sem búið var að þrykkja á orðið ferðamaður (tourist) í mörgum litum og með mismunandi letri. Við límdum svo á okkur miða með nöfnunum okkar og fengum unga konu með fágaða rödd til að kynna fatnaðinn eins og gert er á tískusýningum. Uppátækið hlaut góðar undirtektir viðstaddra.

Ég stóð líka einn fyrir uppákomu í bæ skammt utan Parísar. Ég stóð innst á svæði sem opnaðist í áttina frá mér með áhorfendur í eins kílómetra fjarlægð. Frá þeim séð var ég því pínulítill. Síðan hélt ég á kalltæki sem ómaði setningu sem ég hafði yfir aftur og aftur til áhorfenda: „Ég hef glatað tíma mínum, ég hef glatað tíma mínum" (je perd mon temps)."

Frá því tel-hópurinn hætti hefur Cazal starfað einn. Hann skírskotar oft til auglýsinga í verkum sínum og um það segir hann: „Ég vil gera listræna hluti sem fólki finnst það hafa séð áður.

Ég hef nokkuð lengi gert verk í svipuðum anda, þar sem ég leik mér með myndir og titla. Öll verkin mín bera titla sem hafa tvöfalda merkingu. Ég hef gaman að tvíræðni og einnig því að stilla upp andstæðum."



Morgunblaðið/Þorkell

Philippe Cazal

Kampavín og velgengni

Á sýningu sem Cazal hélt í Barbican Center í London á síðasta ári var meðal annars verk sem hann kallar „La magie du succés" (Töfrar velgengninnar). Það voru sex ljósmyndir, allar af stúlku með kampavínsglas og -flösku og manni að kyssa á hálsinn á henni. Stúlkan á myndunum var aldrei sú sama, en myndunum var stillt upp eins og auglýsingu í verslunarglugga. Fyrir ofan hverja mynd var merkið með nafni Cazals, sem hann lét auglýsingastofu hanna sérstaklega fyrir sig, en fyrir neðan mótaði fyrir dökkum útlínum af kampavínsflösku og -glasi þar sem stóð „L'Artiste dans son milieu".

„L'Artist dans son milieu" er Cazal sjálfur, þar sem hann er ekki aðeins stjórnandi, heldur einnig gjarnan í aðalhlutverki í verkum sínum. „Það er erfitt að þýða „milieu," segir hann. Orðið hefur þrjár mismunandi merkingar í frönsku."

Philippe Cazal vinnur þannig að hann gerir nákvæmar teikningar af hugmyndum sínum en fær síðan fagmenn, hvern á sínu sviði, til að framkvæma þær. „Auglýsingaáhrifin koma enn betur fram þegar verkin eru unnin af iðnaðarmönnum. Ef um er að ræða ljósmynd til dæmis, þá sé ég um uppstillinguna en fæ ljósmyndara til að taka myndina." Sjálfur sést hann á öllum ljósmyndunum.


Það er sama hvaða verk Cazals eru skoðuð, allsstaðar rekst áhorfandinn á orðaleiki. Skúlptúrarnir hans heita til að mynda allir *Modele*-eitthvað í merkingunni „déja vu" (séð áður) og myndir og skilti bera oft áletranir sem merkt geta annað en þær í fljótu bragði virðast gera.

Sýnt í tímariti

Síðustu fimm árin hefur Philippe Cazal notið velgengni á alþjóðavettvangi og hefur hann í nógu að snúast við að þeytast á milli sýninga í Evrópu og Bandaríkjunum. En hann segist þó eyða mestum tíma sínum í vinnu.

Framundan hjá honum á þessu ári eru samsýningar í Hamborg, á Korsíku, í París, Mílanó og Bologna og einkasýning í Brussel.

Cazal gefur sér reyndar einnig tíma til að gefa út tímarit, með umfjöllun um listir, sem hann ritstýrir jafnframt. Það heitir *Public* og kom út í fjórða sinn fyrr á þessu ári. Útgáfan hófst árið 1984 og er því óhætt að segja að eintök af tímaritinu séu sjaldgæf. „Hugsunin á bak við tímaritið er að gefa það út þegar þess er þörf. Síðasta heftið er helgað Frakklandi og er það sett upp eins og sýning. Ljósmyndirnar voru teknar sérstaklega fyrir þessa „sýningu". Þetta er nokkurskonar leikur, „sýningin" byrjar einhvers staðar framarlega, tekur nær allt plássið, en aftast er „bókabúð", eins og á söfnum, þar sem eru ljósmyndir af verkum nokkurra listamanna í viðbót við þá sem taka þátt í „sýningunni".




Hluti verksins „La magie du succés".

Við erum búin að kynna blaðið í Grenoble, Bologna, New York og London. Næst fer ég til Montreal, en hugmyndin er að kynna tímaritið í einum sýningarsal á hverjum stað. Salurinn leggur til borð og stóla, ég læt prentdúk á borðin og tímaritið liggur á borðunum handa sýningargestum. Þeir geta síðan sest niður og drukkið meðan þeir skoða „sýninguna"."

Yfirskrift „sýningarinnar" í *Publi c* er: Il n'y a pas „d'art francais" — Það er ekki til nein „frönsk list". „Titillinn er villandi, segir Philippe, en þegar hann er lesinn sést að orðin „frönsk list" eru höfð innan gæsalappa. Enda á ekki að skilja þau bókstaflega, heldur er átt við að það sé ekki nein sérstök stefna eða hreyfing til meðal franskra listamanna í dag."

MEO



„*Modele* Sculpture du Salon." Viður klæddur gervileðri og fjögur kampavínsglös.



AUMA – Auglýsingar & markaðsmál

Í BMW 3-línunni eru annarsvegar 2ja og 4ra dyra bílar og hinsvegar 5 dyra Touring skutbílar. Þú borgar minnst fyrir BMW í 2ja dyra útfærslunni, en hann kostar álíka og lítill japanskur bíll með sérútbúinni vél. Munurinn er mikill milli BMW og japanskra bíla, og dæmi þá hver fyrir sig.

Einkenni BMW eru þau sömu í öllum útfærslum. Hann er aflmikill, hefur frábæra akstureiginleika og snerpu sem þú getur treyst þegar mest á reynir. Fjöðrunin og annar tæknilegur útbúnaður er fyrsta flokks enda hér á ferðinni bíll sem er gerður fyrir kröfuharða kaupendur.

Það er eftirsóknarvert að eiga og aka BMW, þess vegna viljum við gera okkar ítrasta til að þú njótir þess besta, og eignist BMW. Þér er hér með boðið að koma og reynsluaka BMW 3-línunni eða öðrum BMW bílum, þiggja hjá okkur veitingar og ræða við sölumenn um hagstæða greiðsluskilmála. Viljir þú að við tökum gamla bílinn sem greiðslu upp í nýjan BMW, skaltu hiklaust notfæra þér skiptitilboðið okkar sem auðveldar þér að eignast BMW á góðum kjörum.

BMW 316i, 2ja dyra kostar frá kr. 1.227 þúsund.

Bílaumboðið selur einnig notaða BMW.
Leitaðu upplýsinga hjá sölumönnum.

Njóttu þess besta, — eignastu BMW.

ÞAÐ ER EINFALT MÁL
AÐ SEMJA VIÐ OKKUR.

Bílaumboðið hf
Krókhálsi 1, Reykjavík, sími 686633

Einstakur bíll fyrir kröfuharða.